

Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um sorpkostnað (US220189)

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 12.10.2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram fyrirspurn um hver sorpkostnaður Reykjavíkurborgar er við tæmingu tunna per íbúðareiningu og hver sambærilegur kostnaður er í nágrennasveitarfélögum. Eins og hvert heimili þarf Reykjavíkurborg að horfa vel í alla útgjaldaliði og leita allra ráða til að hagræða. Í skýrslu sem ég hef áður bent á (Competition in the waste management sector) og gefin er út af samkeppniseftirlitinu árið 2016 eru helstu niðurstöður þær að sveitarfélög sem nota útboð við meðhöndlun úrgangs spara sér 10 - 47% frá kostnaði við eldri kerfi. Er það ekki skylda okkar borgarfulltrúa að skoða hvort að hægt sé að ná sparnaði í sorphirðu við heimili? Ef að skoðun leiðir í ljós að þetta sé í góðum málum þá er það fint og þá allavega búið að skoða þetta.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða með bréfi skrifstofu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 12.10.2022.

Svar við fyrirspurn:

Sorphirðugjöld voru lögð á um 53.950 íbúðir sl. áramót. Lögð hafa verið á 1.559.680 þús. kr. í hirðugjöld og 977.954 þús. kr. í grændar- og endurvinnslustöðvagjöld árið 2022. Samtals um 2.537 m.kr. eða um 47.370 kr. á íbúð. Til samanburðar er sorphirðugjald í Kópavogi 47.400 kr., í Mosfellsbæ 49.000 kr., í Hafnarfirði 49.089 og í Garðabæ 49.000 kr.

Virðingarfyllst,
Friðrik Gunnarsson
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa umhverfisgæða